



HEILBRIGÐISEFTIRLIT AUSTURLANDS

Ársskýrsla 2020



Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	2
1.1	STJÓRNSÝSLULEG SKIPAN	2
1.2	SKAMMSTAFANIR	2
2	HEILBRIGÐISNEFND	3
2.1	STARF HEILBRIGÐISNEFNDAR	4
3	STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2020	5
3.1	STARFSMENN	5
3.2	ENDURMENNTUN OG SAMSTARFSFUNDIR	5
4	STARFSEMI HAUST 2020	6
4.1	ÚTGEFIN STARFSLEYFI ÁRIÐ 2020	6
4.2	EFTIRLIT ÁRSINS	7
4.3	SÝNATAKA	7
4.4	TÓBAKSSÓLULEYFI	8
4.5	KVARTANIR OG ÁBENDINGAR	8
5	MATVÆLAEFTIRLIT 2020	10
5.1	NIÐURSTÖÐUR SÝNATÖKU	10
5.2	MATVÆLAHÓPUR	12
6	HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2020	13
6.1	GISTISTAÐIR	13
6.2	SKIPASKOÐANIR	14
6.3	SUND- OG BAÐSTAÐIR	15
6.4	HOLLUSTUHÁTTAHÓPUR	15
7	MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2020	16
7.1	SÝNATAKA VIÐ FRÁVEITUR	16
7.2	UMHVERFISGÆÐAHÓPUR	17
8	REKSTARAUMHVERFI	18
9	LOKAORÐ	19



1 INNGANGUR

Hér gefur að líta samantekt um starfsemi Heilbrigðiseftirlits Austurlands árið 2020. Ársskýrslan er eingöngu gefin út rafrænt og er send öllum sveitarfélögum á starfssvæði HAUST og helstu samstarfsstofnunum. Auk þess er ársskýrslan ásamt fyrri ársskýrslum HAUST aðgengileg á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands, www.haust.is.

1.1 Stjórnábylgjuleg skipan

Heilbrigðiseftirlit Austurlands er eitt 10 heilbrigðiseftirlitssvæða sem starfrækt eru á vegum sveitarfélaga á Íslandi, en samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal ekkert sveitarfélag vera án heilbrigðiseftirlits. Að Heilbrigðiseftirliti Austurlands standa fimm sveitarfélög, það eru Vopnafjörður, Múlaþing, Fljótsdalshreppur, Fjarðabyggð, og sveitarfélagið Hornafjörður. Árið 1998 stofnuðu sveitarfélögin á svæðinu byggðasamlag um rekstur heilbrigðiseftirlits og er stjórn byggðasamlagsins jafnframt heilbrigðisnefnd svæðisins.

1.2 Skammstafanir

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar í skýrslunni:

Heilbrigðiseftirlit Austurlands	HAUST
Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna	HES
Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða	SHÍ
Samtök sveitarfélaga á Austurlandi	SSA
Matvælastofnun	MAST
Umhverfisstofnun	UST
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti	UAR



2 HEILBRIGÐISNEFND

Fulltrúar í heilbrigðisnefnd, sem einnig mynda stjórn byggðasamlags um rekstur Heilbrigðiseftirlits Austurlands, eru kosnir til fjögurra ára í senn á fyrsta aðalfundi HAUST eftir sveitarstjórnarkosningar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar sveitarfélaganna, einn fulltrúi náttúruverndarnefnda og einn fulltrúi frá samtökum atvinnurekanda.

Í kjölfar sameiningar sveitarfélaga á Austurlandi 2020 voru gerðar breytingar á nefndarskipan á aðalfundi HAUST í október 2020: Heilbrigðisnefnd er nú þannig skipuð:

Formaður:	Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð
Varaformaður:	Stefán Bogi Sveinsson, Múlaþingi Gunnhildur Imsland, Hornafjörður Helgi Hlynur Ásgrímsson, Múlaþingi Sandra Konráðsdóttir, Vopnafirði
Fulltrúi atvinnurekanda:	Benedikt Jóhannsson, Fjarðabyggð
Fulltrúi náttúruverndarnefnda:	Kristín Ágústsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:	Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Fjarðabyggð Gauti Jóhannesson, Múlaþingi Benedikta Guðrún Svavarsdóttir, Múlaþingi Kristján Sigurður Guðnason, Hornafjörður Ásdís Helga Bjarnadóttir, Fljótsdalshreppi
F.h. atvinnurekanda:	Auður Ingólfssdóttir, Fljótsdalshérað
F.h. náttúruverndarnefnda:	Lovísa Rósa Bjarnadóttir, Hornafirði



2.1 Starf Heilbrigðisnefndar

Heilbrigðisnefnd fundar að jafnaði sex sinnum á ári. Flestir fundir nefndarinnar eru fjarfundir enda langt á milli nefndarmanna. Nefndin reynir þó að hittast reglulega til að funda auk aðalfundar. Á árinu 2020 hittust nefndarmenn, ásamt starfsmönnum, í Randulffssjóhúsi á Eskifirði. Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Austurlands bs. var haldinn á Borgarfirði eystra. Allar fundargerðir heilbrigðisnefndar eru aðgengilegar á vefsíðu HAUST.

Fundir heilbrigðisnefndar Austurlands á árinu 2020 voru sem hér segir:

18. febrúar	28. apríl
9. júní	1. september
6. október	28. október – Aðalfundur Borgarfirði eystra
8. desember	



Mynd 1. Merkingar á tjaldsvæði vegna Covid-19.



3 STARFSLIÐ HAUST ÁRIÐ 2020

3.1 Starfsmenn

Nokkur endurnýjun hefur orðið í starfsmannahópi HAUST á undanförunum árum. Í árslok 2019 létu þau Helga Hreinsdóttir fyrrverandi framkvæmdastjóri og Hákon Hansson heilbrigðisfulltrúi á Breiðdalsvík af störfum eftir áratuga störf í þágu HAUST. Gengið var frá ráðningu Ólafar Vilbergsdóttur heilbrigðisfulltrúa á árinu. Ólöf er búsett á Djúpavogi og hefur mikla reynslu af störfum við heilbrigðiseftirlit og vann við afleysingar hjá HAUST á árinu 2019. Elínborg Sædís Pálsdóttir var ráðin til að sinna eftirliti í afleysingum stóran hluta ársins. Aðrir starfsmenn eru Leifur Þorkelsson framkvæmdastjóri, Lára Guðmundsdóttir heilbrigðisfulltrúi og staðgengill framkvæmdastjóra, Dröfn Svanbjörnsdóttir heilbrigðisfulltrúi og sviðsstjóri mengunarvarnasviðs og Borgþór Freysteinnsson eftirlitsmaður.

Tafla 1. Starfsmenn HAUST á árinu 2020 voru eftirfarandi:

Starfsmaður	Stöðugildi
Borgþór Freysteinnsson, BF mjólkurfræðingur	40% stöðugildi.
Dröfn Svanbjörnsdóttir DS heilbrigðisverkfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, Sviðsstjóri mengunarvarnasviðs
Elínborg Sædís Pálsdóttir ESP M.Sc í líffræði	62,5% afleysing
Ólöf Vilbergsdóttir ÓV M.Sc. í umhverfisverndun og -stjórnun og B.Sc. í umhverfisfræðum og heilbrigðisfulltrúi	75% stöðugildi
Leifur Þorkelsson, LÞ sjávarútvegsfræðingur og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, framkvæmdastjóri
Lára Guðmundsdóttir, LG M.Sc. í auðlindafræði og heilbrigðisfulltrúi	100% stöðugildi, staðgengill framkvæmdastjóra

3.2 Endurmenntun og samstarfsfundir

Ferðalög starfsmanna út fyrir eftirlitssvæðið lögðust nánast af á árinu 2020 m.a. vegna samkomutakmarkana. Fjarfundir voru mun tíðari en áður og ágætis framboð var af rafrænum námskeiðum fyrir starfsmenn. Starfsmenn HAUST sátu sem fyrr mánaðarlega samráðsfundi með Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Framkvæmdastjórar heilbrigðiseftirlitssvæðanna hittust auk þess reglulega á fjarfundum.


Nokkuð var fundað vegna COVID-19, meðal annars með aðgerðarstjórn almannaáráttanna á Austurlandi. Fundað var með ferðapjónustuaðilum vegna undirbúnings og þeirra ráðstafana sem gera þurfti til að hægt væri að taka á móti innlendum ferðamönnum. Sá fundur var skipulagður af Austurbrú og skilaði hann sér í vel undirbúnum ferðapjónustuaðilum á starfssvæðinu. Lögreglan á Suðurlandi hafði frumkvæði að samvinnu milli embættisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og HAUST vegna boðaðra takmarkana og sóttvarnaaðgerða á tjaldsvæðum.

Í desember hélt Matvælastofnun námskeið um aukefni í matvælum. Námskeiðið fór fram í gegnum fjarfundarþúnað og heppnaðist mjög vel.



4 STARFSEMI HAUST 2020

Hlutverk heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga er m.a. að gefa út starfsleyfi og hafa eftirlit með starfsemi starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 93/1995 um matvæli. Starfsemi HAUST má skipta upp í 3 megin svið, hollustuháttasvið, mengunarvarnasvið og matvælasvið.




Mynd 2. Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva

Fjöldi eftirlitsskyldra starfsstöðva á starfssvæði HAUST var 1.425 árið 2020. Fyrirtækjum með starfsleyfi fækkaði lítillega á milli ára en þau voru 1.437 árið áður. Farið verður nánar yfir fjölda starfsstöðva eftir sviðum síðar í þessari skýrslu.

4.1 Útgefin starfsleyfi árið 2020

Alls voru gefin út 124 starfsleyfi árið 2020 og fækkar þeim umtalsvert á milli ára.



Mynd 3. Útgefin starfsleyfi 2016-2020.

Flest ný og endurnýjuð starfsleyfi voru gefin út á hollustuháttasviði eða 50, á matvælasviði voru gefin út 35 starfsleyfi og 24 starfsleyfi voru gefin út á mengunarvarnasviði.



4.2 Eftirlit ársins

Eftirlitsáætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir að alls 847 starfsstöðvar yrðu heimsóttar á árinu í tengslum við reglubundið eftirlit. Heimsóttar voru 643 starfsstöðvar eða 76% sem er miklu lægra hlutfall en undanfarin ár. Hafa verður í huga að fjölmörg fyrirtæki í ferðaþjónustu störfuðu lítið og í sumum tilfellum ekkert árið 2020 vegna Covid-19 faraldurs. Þá voru strangar samkomutakmarkanir í gildi stærstan hluta ársins sem höfðu óumflýjanlega áhrif á starfsemi og eftirlit HAUST.


Tafla 2. Eftirlitsferðir ársins 2020

	Hollustuháttasvið	Matvælasvið	Mengunarvarnasvið	Alls
Á eftirlitsáætlun	350	299	198	847
Reglubundið eftirlit	268	225	150	643
Hlutfall heimsótt	77%	75%	76%	76%

Auk reglubundins eftirlits voru fyrirtæki heimsótt vegna úttekta í tengslum við starfsleyfisvinnslu, kvartana, eftirfylgni og vegna sýnatöku.

4.3 Sýnataka

Á árinu 2020 tók Heilbrigðiseftirlit Austurlands alls 319 sýni og sendi til rannsóknar, litlu færri en undanfarin ár. Tilgangur sýnatöku er að ganga úr skugga um að kröfur sem fram koma í reglugerðum og starfsleyfum séu uppfylltar. Algengast var, líkt og undanfarin ár, að sýni væru tekin úr neysluvatni. Auk þess er tekið talsvert af sýnum til að fylgjast með virkni fráveitukerfa og heilnæmi baðvatns. Á meðfylgjandi mynd sést yfirlit yfir fjölda og tegundir sýna sem tekin voru á árinu. Nánar verður fjallað um sýnatöku og rannsóknarniðurstöður síðar í skýrslunni.




Mynd 4. Fjöldi sýna undanfarin 5 ár.



4.4 Tóbakssöluleyfi

Alls höfðu 27 sölustaðir leyfi heilbrigðisnefndar til smásölu á tóbaki í árslok 2020 og hafði þeim fjölgað um einn frá árinu áður. Eitt nýtt leyfi var gefið út árinu og tvö leyfi voru endurnýjuð. Tóbakssöluleyfi eru gefin út á grunni laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir og gilda leyfin í 4 ár frá útgáfudegi. Eftirlit með fyrirkomulagi tóbakssölu fer fram árlega, samhliða reglubundu eftirliti með viðkomandi starfsstöðvum. Á meðfylgjandi mynd sést fjöldi útgefna tóbakssöluleyfa auk fjölda gilda leyfa á hverju ári.



Mynd 5. Fjöldi útgefna tóbakssöluleyfa og fjöldi leyfa í gildi.

4.5 Kvartanir og ábendingar

HAUST heldur ítarlega skrá yfir allar kvartanir og ábendingar sem berast embættinu. Sé kvörtun alvarleg fer heilbrigðisfulltrúi á staðinn til að leggja mat á aðstæður. Skráðar voru 51 kvörtun í kvartanaskrá HAUST árið 2020 og má sjá sundurliðun á þeim í töflu 3.

Á matvælasviði voru kvartanir tengdar heilsufari starfsmanna og smitvörnum í matvælafyrirtækjum áberandi. Þá bar einnig nokkuð á kvörtunum vegna sölu á matvælum sem framleidd voru í heimahúsum

Kvartanir sem bárust á sviði mengunar og umhverfismála voru með hefðbundnum hætti og sneru flestar að loftgæðum frá iðnaði hvort sem það var vegna ryks, sóts eða lyktar.

Á hollustuháttasviði var helst kvartað yfir slæmu hreinlæti bæði á sundstöðum og á hótélum.

Kvartanir vegna geltandi hunda, galandi hana og óprifnaðar frá dúfum voru áberandi á árinu og þurfti heilbrigðiseftirlitið að hafa afskipti af þó nokkrum aðilum vegna slíkra mála. Kvartanir vegna númerslausra bíla eru ávallt nokkrar á ári.

Tafla 3. Fjöldi kvartana síðastliðin fimm ár, skipt niður eftir sviðum.

	2016	2017	2018	2019	2020
Matvæli	9	9	6	4	7
Mengun/umhverfismál	14	15	14	16	20
Hollustuhættir	18	13	13	3	5
Aðrar kvartanir		18	19	14	19
Alls	41	55	52	37	51



Mynd 6-7. Rusl eða verðmæti á víðavangi.



5 MATVÆLAEFTIRLIT 2020

Matvælafyrirtæki á eftirlitsskrá HAUST voru 407 í árslok 2020 og fjölga um 5 á milli ára. Skiptingu fyrirtækjanna má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 4. Fjöldi matvælafyrirtækja á eftirlitsskrá HAUST undanfarin 5 ár, skipt niður eftir sviðum.

Flokkur	2016	2017	2018	2019	2020
Stóreldhús	160	174	173	173	176
Vatnsveitur <150 íbúar	126	130	120	123	126
Vatnsveitur > 150 íbúar	16	15	15	20	20
Smásalar	45	41	41	41	39
Framleiðsla og pökkun	36	30	31	36	37
Önnur matvælafyrirtæki	11	9	9	9	9
Alls	394	399	399	402	407

Flest matvælafyrirtæki á starfssvæðinu eru stóreldhús, en í þann flokk falla m.a. veitingastaðir og mótuneyti. Vatnsveitur á svæðinu voru 146 í árslok 2020, þar af 126 litlar vatnsveitur sem þjóna 150 íbúum eða færri. Í flokk lítilla vatnsveitna falla til dæmis vatnsveitur sem þjóna mjólkurbúum og annarri matvælaframleiðslu í dreifbýli.


Eftirlitsáætlun HAUST gerir ráð fyrir að matvælafyrirtæki séu heimsótt árlega að jafnaði, þó að undanskildum litlum vatnsveitum, sem heimsóttar eru annað hvert ár.

5.1 Niðurstöður sýnatöku

Til þess að ganga úr skugga um að kröfur sem settar eru í reglugerðum um örveru- og efnafræðileg gæði matvæla séu uppfylltar eru tekin sýni til rannsókna. Langflest matvælasýni sem tekin voru árið 2020 voru af neysluvatni, en auk þess voru tekin sýni af ís úr vél og ostum framleiddum á svæðinu.


5.1.1 Neysluvatn

Úr vatnsveitum á starfssvæðinu sem þjóna fleiri en 150 íbúum eru tekin allt að 6 sýni árlega, fjöldi sýna ræðst af því hve mörgum íbúum veitan þjónar og einnig því hvort um er að ræða vatnshreinsibúnað á borð við útfjólublátt ljós.



Mynd 10. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna fleiri en 150 íbúum

Af 78 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða fleiri reyndust 74 vera í lagi eða 95% sem er svipað hlutfall og undanfarin ár.



Mynd 11. Niðurstöður sýnatöku úr vatnsveitum sem þjóna færri en 150 íbúum


Af 68 sýnum sem tekin voru úr vatnsveitum sem þjóna 150 íbúum eða færri reyndust 49 vera fullnægjandi eða 72% sem er umtalsvert lægra hlutfall en undanfarin ár. Ástæður þess að vatn stenst



ekki gæðakröfur geta verið mismunandi, yfirleitt er þó um að ræða mengun af völdum yfirborðsvatns. Ekki er óalgengt að brugðið sé á það ráð í þurrkatíð að leiða yfirborðsvatn inn á dreifikerfi minni vatnsveitna. Einnig eru sum vatnsból illa varin fyrir yfirborðsvatni í kjölfar rigninga og/eða leysinga. Í einstaka tilfellum hefur þurft að grípa til þess ráðs að sóttgreinsa vatnsból og dreifikerfi eftir að mengun hefur uppgötvast, en yfirleitt nægir að láta renna vel í gegnum kerfið til þess að endurheimta vatnsgæði.

5.1.2 Ís úr vél

Eins og undanfarin ár voru tekin sýni á öllum starfsstöðvum sem hafa leyfi til að selja ís úr vél og eru þau rannsökuð m.t.t. reglugerðar um örverufræðileg viðmið. Niðurstöður koma fram á meðfylgjandi mynd, ásamt samanburði við niðurstöður undanfarinna fimm ára.



Mynd 12. Ís úr vél, niðurstöður sýnatöku

Af 10 sýnum sem tekin voru í reglubundnu eftirliti voru 9 metin fullnægjandi eða 90% sem er svipað hlutfall og árið áður. Ef sýni af ís stenst ekki kröfur er sala á ís úr viðkomandi vél stöðvuð þar til bætt ástand hefur verið staðfest.

5.1.3 Önnur matvælasýni

Til viðbótar við sýni af neysluvatni og ís úr vél voru tekin sýni af framleiðslu þriggja smáframleiðanda á svæðinu sem framleiða ost. Öll sýnin þrjú sem tekin voru stóðust kröfur reglugerðar um örverufræðileg viðmið.

5.2 Matvælahópur

Á vettvangi MAST og HES er starfræktur svokallaður matvælahópur en hann er skipaður fulltrúum frá öllum heilbrigðiseftirlitssvæðunum, auk sérfræðinga MAST. Markmið hópsins er að stuðla að samráði og samhæfingu milli MAST og HES og tryggja upplýsingaflæði milli aðila. Hópurinn skipuleggur meðal annars sameiginleg átaksverkefni í matvælaeftirliti og fundaði reglulega á árinu 2020. Fulltrúi HAUST í hópnum er Leifur Þorkelsson.



6 HOLLUSTUHÁTTAEFTIRLIT 2020

Fyrirtæki á hollustuháttasviði á eftirlitsskrá HAUST voru 683 í árslok 2020. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár.

Tafla 5. Skipting fyrirtækja á hollustuháttasviði árin 2016- 2020.

Flokkur	2016	2017	2018	2019	2020
Sala á gistingu	322	344	321	310	306
Samkomustaðir	76	82	84	87	79
Skólar og menntastofnanir	56	60	64	61	60
Íþróttastaða	54	55	57	60	62
Snyrtistofur	39	38	38	35	37
Heilbrigðisþjónusta	31	33	33	32	32
Leiksvæði	56	67	68	71	67
Hestaleigur	9	11	10	9	9
Annað	37	33	31	31	31
Alls	680	723	706	696	683

Breyting á fjölda fyrirtækja á hollustuháttasviði er ekki mikil á milli ára, fyrirtækjum heldur þó áfram að fækka lítillega.


Gististöðum fækkaði ef til vill ekki eins mikið og búast mátti við í ljósi þess hve ferðamönnum fækkaði mikið á síðastliðnu ári. Áhrifin af COVID-faraldrinum og ferðatakmarkunum eru þó að öllum líkindum ekki að fullu komin fram. Fækkun samkomustaða á milli ára má að hluta til skýra með breyttri og nákvæmari flokkun.

6.1 Gististaðir

Á sviði hollustuhátta eru gististaðir stærsti fyrirtækjaflokkurinn. Eftirlit með gististöðum fer að jafnaði fram annað hvert ár og taka eftirlitsaðilar m.a. út hreinlæti staðarins, aðbúnað og loftræstikerfi (sé það til staðar) svo eitthvað sé nefnt. Auk þess er eftirlit nýtt til að fræða rekstaraðila, t.d. um ummerki eftir veggjalús.

Þrátt fyrir lítillega fækkun gististaða á árinu og fordæmalaus fækkun á ferðamönnum voru nokkur ný leyfi gefin út fyrir gististaði á árinu. Í lok árs 2020 voru því 306 gististaðir með starfsleyfi á starfssvæði HAUST.

Gististaðir eru flokkaðir eftir fjölda gesta. Mestar sveiflur hafa undanfarið verið í flokknum „færri en 16 gestir“. Þeir aðilar sem skiluðu inn starfsleyfi sínu voru helst minni einkaaðilar sem ráku gististaði og íhuga að flytja sig yfir í heimagistingu þegar ferðatakmarkunum verður aflétt. Enn ber á því að rekstaraðilar séu bæði með starfsleyfi heilbrigðisnefndar og leyfi fyrir heimagistingu frá sýslumanninum. Undir liðinn „Aðrir gististaðir“ falla meðal annars tjaldsvæði, fjallaskálar, starfsmannabúðir og starfsmannabústaðir.



Mynd 13. Fjöldi gistaða með starfsleyfi hjá HAUST

6.2 Skipaskoðanir


Í samræmi við kröfur í alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni þurfa öll skip, sem eru í millilandasiglingum og koma að landi á Íslandi, að hafa gilt sóttvarnaundanþáguvottorð, ekki eldra en 6 mánaða. HAUST hefur á undanförunum árum skoðað skip og gefið út slík vottorð í kjölfarið.

Árið 2020 framkvæmdi HAUST þrjár skipaskoðanir í Fjarðabyggðahöfnum, samanborið við tvær árið áður.



6.3 Sund- og baðstaðir

Heilbrigðisfulltrúar heimsækja árlega alla sund- og baðstaði á starfssvæðinu yfir sumartímann eða þegar álag á sundstöðunum er mest. Hluti af eftirliti er sýnataka úr öllum laugarkerfum. Í eftirliti er auk þess lögð áhersla á öryggismál og innra eftirlit sundstaða. Alls voru tekin 67 baðvatnssýni á árinu 2020 og stóðust 54 þeirra þær kröfur sem koma fram í reglugerð eða 81%. Af þeim sýnum sem stóðust ekki gæðakröfur voru þrjú tekin í köldum körum og sjö í laugum þar sem búnaður til sjálfvirkar klórskömmtunar er til staðar.



Mynd 14. Niðurstöður sýnatöku á baðvatni undanfarinna fimm ára.

Fjöldi lauga sem falla undir reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni stendur í stað. Náttúrulegarnar eru tvær og flokkast önnur þeirra í 1. flokk en hin í 2. flokk. Hámörk fyrir gerla í náttúrulegum eru töluvert hærri en í hefðbundnum sundlaugum þar sem krafist er sótthreinsunar á baðvatninu. Afar óalgengt er því að baðvatnssýni sem tekin eru í náttúrulegum séu yfir mörkum. Öll sýni sem tekin voru í náttúrulegum stóðust kröfur sem fram koma í reglugerð um baðstaði í náttúrunni, líkt og árið áður.

6.4 Hollustuháttahópur

Vinnuhópur um hollustuhætti er samstarfshópur milli Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæða, en hvert heilbrigðiseftirlitssvæði á einn fulltrúa í hópnum. Fulltrúi HAUST í hópnum er Lára Guðmundsdóttir. Hollustuháttahópurinn fundar alla jafna einu sinni í mánuði en tekur sér frí yfir sumarmánuðina. Þar að auki hittist hópurinn árlega til funda, samræma framkvæmd eftirlits og fara í kynnisferðir í fyrirtæki sem starfa skv. reglugerð um hollustuhætti. Að þessu sinni var ákveðið að hætta við slíkan fund og voru því allir fundir á árinu fjarfundir.



7 MENGUNARVARNAEFTIRLIT 2020

Á eftirlitsskrá HAUST í árslok 2020 voru 335 starfsstöðvar sem falla undir mengunarvarnaeftirlit. Skiptingu þeirra má sjá í meðfylgjandi töflu sem sýnir einnig samanburð við undanfarin ár. Vert er að taka fram að inni í þessum tölum eru starfsstöðvar sem HAUST hefur eftirlit með skv. samningi við Umhverfisstofnun.

Tafla 6. Sundurliðun á fyrirtækjum á mengunarvarnasviði.

Flokkur	2016	2017	2018	2019	2020
Þjónusta við bíla og tæki	124	123	124	119	120
Meðferð úrgangs	79	84	82	80	75
Matvælavinnsla	38	43	43	40	39
Virkjanir, spennistöðvar o.þ.h.	26	27	28	28	29
Jarðefnavinnsla	16	15	16	13	14
Þauleldi	7	7	4	1	1
Trésmíðaverkstæði	14	14	14	13	14
Verslanir og vörugeymslur	4	5	5	6	5
Þvottahús og efnalaugar	9	9	11	12	11
Annað	30	31	31	27	27
Alls:	347	358	358	339	335

Starfsstöðvum á mengunarvarnasviði hefur fækkað á undanförunum árum. Engin loðdýrabú eru lengur á starfandi á svæðinu og eftirlit með öllu fiskeldi var flutt frá sveitarfélögum og heilbrigðisnefndum þeirra til ríkisstofnana fyrir nokkrum árum. Samningur á milli UST og HAUST um framsal eftirlits með sorpurðun og fiskimjölsverksmiðjum rann út í árslok 2019. Aðeins sá hluti samningsins sem varðar fiskimjölsverksmiðjur var endurnýjaður.

7.1 Sýnataka við fráveitur

Fráveitur, útrásardælustöðvar og skólphreinsistöðvar eru starfsleyfis skyldar hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit m.s.br. Heilbrigðiseftirlitið tekur árlega sýni við fráveituútrásir sveitarfélaganna, m.a. til að fylgjast með saurmengun við útrásir. Að jafnaði eru tekin fjögur sýni á ári úr hverri fráveitu. Niðurstöður sýnatöku benda til að enn sé nokkuð í land með að fráveitur sveitarfélaganna uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.



Mynd 15-16. Strandsýni tekin úr sjó til að fylgjast með skólpmengun.

7.2 Umhverfisgæðahópur

Umhverfisgæðahópur er skipaður fulltrúum frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Umhverfisstofnun hefur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir það hlutverk að stuðla að samræmdu eftirliti á landsvísi. Fulltrúi HAUST í hópnum er Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Hópurinn fundar að meðaltali einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, en hittist auk þess árlega á tveggja daga vinnufundi. Hópurinn fundaði tíu sinnum á árinu 2020, þar af einu sinni á vinnufundi í janúar til að vinna að áhættumati fyrirtækja. Vegna COVID-19 faraldursins var hætt við að hittast á vofundi og aðrir fundir á árinu því fjarfundir.

Vinna við að áhættumeta fyrirtæki stendur enn yfir, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber eftirlitsaðilum að byggja tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu áhættumati á umhverfishættu viðkomandi starfsemi.

Áhersluverkefni hópsins árið 2020 voru tvö. Gagnasöfnun um olúgeyma við hafnir hófst árið 2018, en ákvörðun var tekin um að víkka verkefnið út og kortleggja einnig neyslu-, lausa- og húsgageyma hjá fyrirtækjum og verkstökum. Bréf var sent á olúfélögin og hafnir og samræmt skráningarform gefið út í byrjun árs 2020. Kortlagning á staðsetningu geyma og ástand þeirra verða því metin í eftirliti 2020-2022.

Könnun varðandi meðhöndlun á lífrænum úrgangi var send til allra sveitarfélaga. Sambærilegt verkefni fór fram veturinn 2014-2015 og má nálgast [skýrslu](#) um verkefnið á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Tilgangur verkefnisins er að fá yfirsýn yfir meðferð lífræns úrgangs á landinu öllu sem og bera saman meðferð hans á milli landshluta. Verkefnið gefur einnig vísendingar um þróun síðustu ára hvað varðar meðferð á lífrænum úrgangi. Umhverfisstofnun mun taka saman skýrslu á grundvelli svaranna og birta hana á heimasíðu sinni.



8 REKSTARUMHVERFI

Frá því að reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit tók gildi árið 2018 hefur verið í gangi vinna við að breyta viðaukum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og setja í kjölfarið nýja reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur. Tilgangur reglugerðarinnar á að vera sá að bæta viðmót og einfalda aðgengi að stjórnslu og auka skilvirkni með því að taka upp skráningu atvinnurekstrar í miðlæga rafræna gátt.

Það er skemmst frá því að segja að vinna við lagabreytinguna og smíði reglugerðar um skráningarskyldu gengur illa. Haustið 2019 voru birt drög að reglugerð og frumvarp um lagabreytingu í samráðsgátt stjórnvalda. Hvort tveggja var gagnrýnt nokkuð í umsögnum hagsmunaaðila. Síðan hefur lítil hreyfing verið á málinu og ekki útséð hvort eða hvenær þessari vinnu lýkur. Fyrir vikið tekur ferlið við útgáfu starfsleyfa fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun óþarflega langan tíma að margra mati.

Í byrjun apríl 2020 fólu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í sameiningu fyrirtækinu KPMG að framkvæma greiningu á opinberu eftirliti á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga nr. 93/1995 um matvæli. Fram kom að ástæða greiningarvinnunnar væru m.a. ábendingar sem borist hefðu varðandi núverandi fyrirkomulag og að þörf sé á endurskoðun þess. Tilgangur verkefnisins var m.a. sá að leggja mat á hvort þörf væri á endurskoðun kerfisins.

Verkefnið bar nokkuð brátt að og skammur frestur var gefinn til að skila inn upplýsingum og svara spurningum í tengslum við það. Niðurstöðurnar, sem eru í raun samantekt og lýsing á núverandi fyrirkomulagi, komu fram í skýrslu frá KPMG í lok júlí. Í svörum SHÍ og einstakra heilbrigðiseftirlitssvæða, þ.á.m. HAUST, var bent á að augljós samlegðaráhrif felast í því að færa eftirlitsverkefni frá ríkisstofnununum MAST og UST til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Enn liggur hins vegar ekki fyrir hvort ráðist verði í breytingar á núverandi kerfi í kjölfar úttektarinnar.



9 LOKAORÐ

Heimsfaraldur setti svip sinn á starfsemi HAUST á árinu 2020 eins og um heim allan. Samkomutakmarkanir voru í gildi stærstan hluta ársins og allmörg fyrirtæki í ferðaþjónustu lítið eða ekkert starfandi. Eftirlit var aðeins framkvæmt í 76% þeirra starfsstöðva sem eftirlitsáætlun ársins gerði ráð fyrir að yrðu heimsóttar á árinu. Skýrist þetta bæði af því að starfsemi var afar takmörkuð eða jafnvel engin í mörgum fyrirtækjum og því að hætt var við heimsóknir í heilbrigðisstofnanir, skóla- og menntastofnanir og fleiri fyrirtæki að hluta eða öllu leyti. Samkomutakmarkanir höfðu ekki áhrif á sýnatöku sem fór fram í samræmi við áætlun.

Vinna við breytingar á lagaumhverfi í tengslum við skráningarskyldan atvinnurekstur gengur hægt og illa. Eftir tveggja ára vinnu bólar ekkert á boðaðri reglugerð. Málið er að verða hið vandræðalegasta að mörgu leyti og engum til sóma sem að því kemur.

Ekki liggur fyrir hvort ráðuneytin tvö sem létu vinna greiningu á opinberu eftirliti á sl. ári ráðist í að breyta núverandi kerfi í kjölfar greiningarvinnunnar en takmarkalaus áhugi ráðuneytanna á málefnum sem vaknaði á vordögum 2020 virðist hafa dvínað nokkuð eftir því sem frá líður.

Síðla árs 2020 sameinuðust sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótshálfgrönd og Djúpvogshreppur í sveitarfélagið Múlaþing. Nú eiga því fimm sveitarfélög aðild að byggðasamlaginu sem kemur að rekstri HAUST en það eru, auk Múlaþings, Vopnafjarðarhreppur, Fljótshálfgrönd, Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Hornafjörður. Til samanburðar má geta þess að það voru 16 sveitarfélög sem komu að stofnun byggðasamlagsins árið 1998.

Nýr samningur á milli HAUST og UST um framsal eftirlits var undirritaður í upphafi árs 2020. Nú hefur HAUST aðeins eftirlit með fiskimjölsverksmiðjum á svæðinu. Það eru ákveðin vonbrigði að UST hafi ekki verið tilbúin til að endurnýja þann hluta samningsins sem varðar eftirlit með sorpurðun og spilliefnamóttöku. Til þess stóð vilji HAUST enda er það nú sem endranær skoðun embættisins að það sé allra hagur að eftirliti sé sinnt úr nærumhverfinu.

Maí 2021

Lára Guðm.

Lára Guðmundsdóttir
staðgengill frkv.stjóra

Leifur Þ.

Leifur Þorkelsson
framkvæmdastjóri HAUST